

Nd.

27. Frumvarp

til laga um eignarnámsheimild fyrir hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju.

Flutningsmaður: Stefán Stefánsson 2. þingm. Eyf.

1. gr.

Hreppsnefnd Hvanneyrarhrepps veitist heimild til að láta eignarnám fara fram á lóð og mannvirkjum undir hafnarbryggju og byggingar og svæði í sambandi við bryggjuna.

Undanteknar eru þó hafnarbryggjur þær, sem fyrir eru, og vörugeymsluhús við bryggjurnar. Þessi mannvirki má ekki taka eignarnámi, nema ný lagaheimild komi til.

2. gr.

Eignarnámið skal framkvæmt af tveim dómkvöddum óvilhöllum mönnum, er ekki eiga sæti í hreppsnefndinni.

Sveitarsjóður Hvanneyrarhrepps greiðir allan matskostnað.

3. gr.

Lög þessi koma þá fyrst til framkvæmda, er trygt hefir verið nægilegt fjé til hafnarbryggjugerðarinnar.